

Truenorth ehf.
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík

Reykjavík, 25. október 2019
UST201909-187/H.H.
09.06.01

Efni: Umsókn um leyfi til kvikmyndatöku - Hekla

Umhverfisstofnun hefur móttækið umsókn Truenorth ehf., dagsett 17. september 2019, með viðbótargögnum sem bárust 21. október 2019 um leyfi til aksturs utan vega við Heklurætur.

Svæðið við Heklu er á náttúruminjaskrá.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi fyrir utan vega akstri við Heklurætur. Tökur þar munu standa yfir í 1 - 4 daga, á bilinu 7. - 22. nóvember 2019 en heildar tími á svæðinu verður um vika. Bílar með aðstöðu fyrir starfsfólk verða staðsettir við afleggjarann hjá Dómadalsleið. Þaðan verður keyrt að Sauðafellsvatni, yfir Norðurbjalla og að Feðgum við Heklurætur. Upp við Norðurbjalla mun einnig vera aðstaða fyrir starfsfólk, þó minni en við Dómadalsleið. Leikmynd verður komið fyrir ofan á Norðurbjöllum. Líklegt er að drónar verði notaðir til að takmarka utan vega akstur eins og kostur er. Reiknað er með að mest verði um 150 manns á svæðinu.

Áætlað er að frágangur eftir tókur standi í 1 – 3 vikur. Eftir að tókum lýkur verður svæðið slóðadregið og/eða rökuð burt hjólför og gengið frá svo engin ummerki um utan vega akstur séu sjáanleg. Öll sviðsmynd verður fjarðlægð og öllum úrgangi komið í endurvinnslu.

Áhrifamat:

Svæðið sem um ræðir er náttúruverndarsvæði og þar er að finna hraun frá nútíma sem njóta sérstakrar verndar sbr. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Umhverfisstofnun telur að verkefnið muni hafa tímabundin neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins. Stofnunin bendir á að vegslóði sem liggur að Heklurótum frá Sauðafellsvatni er vegslóði sem takmarkast við akstur bænda í fjárleitum. Svæðið sem um ræðir er að mestu ó- eða lítt gróið eyðihrauna- eða melavist. Þar er þó einnig að finna ljónslappaskriðuvist.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Truenorth ehf. fyrir sitt leyti leyfi fyrir utan vega akstri við Hekalurætur sbr. lýsingu hér að ofan í nóvember 2019 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vegi skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Koma skal fyrir merkingum á tókustað um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Umhverfisstofnun og útskýrir að tókur standa yfir tímabundið.
- Einungis skal aka utan vegar innan skilgreinds svæðis sem kemur fram í umsókn. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Einungis skal ekið á ógrónu svæði.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Allur akstur utan vega er bannaður annar en leyfið segir til um.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt óþarfa rask með að halda sig innan tókusvæðis og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Takmarka skal eins og hægt er fjölda bíla sem fara utan vegar.
- Mikilvægt er að sýna varkárni og taka tillit til umhverfisaðstæðna.
- Raka skal svæði þar sem gróðurþekja er, annað svæði má slóðadraga.
- Frágangur á svæðinu skal lokið fyrir 10. desember 2019

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.


Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur þegar innheimt gjald í fyrri hluta umsóknar vegna kvikmyndatöku við Reykjanesfólkvang. Vinna við afgreiðslu umsóknarinnar við Heklu er samtals 3 tímar. Stofnunin áformar að gefa út reikning fyrir þessa vinnu, á 13.200 hver klukkustund. Umhverfisstofnun áformar því, á grundvelli 3. mgr. 24. gr. b. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, að innheimta samtals til viðbótar **39.600 kr.** fyrir vinnu við afgreiðslu leyfisins.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt



Sigrún Ágústsdóttir
settur forstjóri



Hákon Ásgeirsson
teymisstjóri